

Nr. 005 / 15 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1275
IMO 7300722
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. nóvember 2014 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: S 10 m/s.

Skipverji var að vinna við að draga inn svokallað „trix“ þegar hann hrasaði og lenti á fjarstýringararmi með þeim afleiðingum að hann skarst í lófa.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var á leið til baka fram togþilfarið þegar hann flækti fæti í trollnetið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.